

# Eldsneytisgeymir við rafstöð RARIK

**From:** Skarphéðinn Ásbjörnsson <SkaAsb@rarik.is>  
**Sent:** þriðjudagur, 7. júní 2022 11:33  
**To:** Kristján Ingi Arnarsson <kristjan@dalir.is>; Sveitarstjóri Dalabyggð <sveitarstjori@dalir.is>; Þórður Már Sigfússon <skipulag@dalir.is>; Slökkviliðsstjóri Dalabyggð <slökkvilid@dalir.is>  
**Cc:** Helga Jóhannsdóttir <HelJoh@rarik.is>  
**Subject:** Eldsneytisgeymir við rafstöð RARIK

Sælir,

RARIK óskar hér með eftir bráðabirgða stöðuleyfi fyrir eldsneytisgeymi á bak við varaafsstöð okkar við Miðbraut. Sjá afstöðumynd og ljósmyndir. Óskum við eftir leyfi til loka september 2023.

Geymirinn er tvöfaldur stáltankur frá Yellowshield í Englandi, samsvarandi og sá sem er sýndur á meðfylgjandi pdf skjali (Tankur 20 m<sup>3</sup>). Sá er reyndar 20 m<sup>3</sup> en þessi er 15 m<sup>3</sup>. RARIK mun að hámarki geyma 11 m<sup>3</sup> af eldsneyti í geymnum.

Á meðfylgjandi reikningi frá Yellowshield til RARIK má sjá nánari lýsingu á tanknum ásamt vottunarstaðli og upplýsingum um framleiðanda.

Á þessari slóð má einnig finna greinargóða lýsingu á tanknum [15,000 Litre Steel Bunded Fuel Tank :: YellowShield](#)

Núverandi eldsneytisgeymir við stöðina er frá árinu 1984 og er því kominn til ára sinna. RARIK hefur unnið að því að endurnýja alla eldri eldsneytistanka á sínum vegum með tvöföldum tönkum og mun tankurinn sem hingað til hefur þjónað stöðinni verða grafinn upp og fjarlægður.

Í framtíðaráformum RARIK verður þessi aflstöð lögð niður en vegna fyrirliggjandi verkefna í dreifikerfinu hefur því verið frestað fram á næsta ár.

Fyrir hönd RARIK  
Skarphéðinn Ásbjörnsson



**Skarphéðinn Ásbjörnsson** | [skaasb@rarik.is](mailto:skaasb@rarik.is)  
Deildarstjóri Varaafls | Manager, Reserve Power  
Varaafli | Power Distribution

RARIK ohf | Dvergshöfða 2 | 110 Reykjavík | [www.rarik.is](http://www.rarik.is)  
Sími | Phone +354 5289000 | +354 5289626

*Innihald þessa skeytis er ætlað skráðum móttakanda einum. Ef þú hefur fengið skeytið vegna mistaka er þér með öllu óheimilt að framsenda eða afrita það.*